



Skýrsla svæðisstjóra Grettissvæði

16. apríl 2011

Eins og fram kom í síðustu skýrslu svæðisstjóra þann 22. Janúar þá hefur starfið gengið mjög vel í Grettissvæði sem af er starfsárs.

Starf klúbbanna frá áramótum hefur verið mjög blómlegt, klúbbar hafa bæði fengið til sín skemmtilega fyrirlesara og einnig farið í heimsóknir til annarra klúbba. Klúbbarnir hafa unnið að sínum fjáröflunum, Mosfell var að selja nammikassa fyrir jólin og gekk mjög vel, Skjaldarmenn héldu sitt árlega jólaball, þrettándabrennu, flugeldsýningu ásamt fleiru og Drangey vann að gerð símaskrár Skagafjarðar.

Skýrsluskil eru 100% og hefur mæting á fundi verið á bilinu 65-80%. Félagar í Skyldi hafa fengið til liðs við sig 4 nýja féлага á þessu starfsári sem telst frábær árangur.

Haldin hefur verið ein svæðisráðstefna sem haldin var á Sauðárkróki þann 19. febrúar og tókst hún mjög vel. Fyrir utan skýrslur svæðisstjóra og forseta fór ég yfir þau mál sem fram komu á síðasta umdæmisstjórnarfundi og kynnti fyrir fundarmönnum og í lokin kynnti Hörður Baldvinsson K-lykilinn fyrir fundarmenn og rakti smá sögu safnana og í hvað fjármunir úr þeim hafa farið. Það kom fyrirspurn um verkefnið “Eliminate” hvenær klúbbar ættu að hefja greiðslur til verkefnisins ef það væri samþykkt í klúbbunum því skv. blaði sem forsetum barst á fyrsta greiðsla að hefjast núna í apríl en verkefnið fer ekki formlega af stokkunum fyrr en á heimsþingi. Svæðisstjóri bað menn að vera rólega, það hafi komið fram á síðasta umdæmisstjórnarfundi að þetta verkefni færi ekki alveg af stað fyrr en eftir þing og fyrsta greiðsla yrði væntanlega á næsta starfsári.

Í framhaldinu hefur borist fyrirspurn hvort það sé löglegt skv. lögum hreyfingarinnar að klúbbar ákveði að taka þátt í þessu verkefni í næstu fimm ár, sumir telja að það sé ekki leyfilegt heldur geti hver stjórn aðeins ákveðið að taka þátt á sínu starfsári.

Eftir ráðstefnuna fóru fundarmenn á þorablót Drangeyjarmanna sem var alveg frábært, mikið étið og dansað fram á nótt.

Síðasta svæðisráðstefna í Grettissvæði verður haldin 30. apríl á Siglufirði og verður hún sameiginleg með Sögusvæði en þangað fara klúbbarnir Drangey og Skjöldur eftir þing. Um kvöldið verður hið árlega síldarkvöld Skjaldarmanna sem fundarmenn og fleiri munu sækja eftir ráðstefnuna.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

Margt fleira hefur gerst í starfi klúbbanna sem gengur mjög vel og þessi skýrsla er einungis stutt lýsing á því góða starfi sem fram fer í Grettissvæði.

Það er því óhætt að segja að viðskil við Grettissvæði séu alveg til sóma.

Með Kiwaniskveðjum
Erlendur Örn Fjeldsted
Svæðisstjóri Grettissvæðis

